efni til tillagna samþyktum á hjeraðs-
þingi 1938

Þs. XII

U.M.F. Afturelding fer þess á leit að fá framlengingu á láni sínu hjá U.M.S.K. að upphæð kr. 300.00 til 1. júní n. á.

Grímur S. Norðdahl
— ritari —



Fundargjörð U.M.S.K. 24. nóv. 1940

1. Þingið var sett að Eyjum í Kjós kl. 12 á hádegi af formanni sambandsins Ólafi Þorsteinssyni bauð hann fulltrúa velkomna og mæltist til þess að þeim kæmu uppástungur um forseta. Stungið var upp á Ólafi Þorsteins og til vara Ólafi Péturssyni.
Aðstoðarritari var kosinn Snorri Tryggvason.

2. Kosin kjörbrjefanefnd: Kosningu hlutu Bjarni Ólafsson Snorri Tryggvason og Stefán Jónsson. Kjörbrjefanefnd skilaði störfum og viðurkendi rjett kjörna frá U.M.F. Velvakandi Stefán Jónsson og Örnu Aradóttir. Frá U.M.F. Dreng Hans Guðnason, Bjarna Ólafsson, Ólaf Ágúst Ólafsson og Gísla Andrésson, Frá U.M.F. Afturelding Ólaf Pétursson og Snorra Tryggvason, þá lagði kjörbrjefanefnd til að Grími Norðdahl yrði veittur rjettur til þess að vera fulltrúi fyrir U.M.F. Afturelding þar sem ekki gátu mætt nema tveir fulltrúar frá fjelaginu. Það var samþ. með öllum greiddum atk.

3. Skýrsla stjórnarinnar: Form. sambandsins Ólafur

Þorsteinsson sagði frá því að ekki hefði þótt
tiltækilegt, að fá lögfestingu á nafninu Farfugla-
fundir fyrir þá fundarstarfsemi sem U.M.S.K.
hefir haldið uppi. Þá gat hann um hinn
glæsilega sigur U.M.S.K. á landsmóti ungmenna
fjelaganna að Haukadal, og að hann hefði gefið
U.M.F.Í. grip til þess að keppa um á mótum
U.M.F.Í. í framtíðinni Gripurinn verður sendur
U.M.S.K. við tækifæri

Ritari sambandsins Grímur Norðd. skýrði frá
sambandsþingi U.M.F.Í. að Haukadal og helstu
málum, sem þar voru rædd. Sjerstaklega bind-
indismálum og orðalagi stefnuskrár ungmenna-
fjelag og vísaði til fundargerðar síðasta sambands-
þings U.M.F.Í. sem prentuð er í Skinfaxa.

Stefán Jónsson talaði um bindindis málin

Grímur Norðd. benti á misfellu á fundargerð U.M.F.Í.
sem gæti valdið misskilningi. Formaður las upp
tillögur frá síðasta hjeraðsþingi, Grímur lagði til
að sú tillaga yrði aftur samþ. Stefán mælti



nokkuð á sama veg. Bjarni Ólafsson sagði að
ekki þyrfti að samþ. þessa tillögu því að U.M.S.K.
yrði búið að halda annað þing fyrir næsta
sambandsþing. Vildi fresta til næsta hjeraðsþings
að taka ákvörðun í þessu máli

Hans Guðnason skýrði frá að þetta mál hefði verið
rætt á fundi í Dreng og þar vildu fjelagar fresta
því til aðalfundar. Grímur lagði fram tillögu þs. II

Snorri Tryggvason bar fram þá fyrirspurn, hvað ætti að
gera gagnvart þeim einstaklingum, sem ekki hjeldu
heit sín hvað bindindið snerti. Ól. Þ.

Ól. Þorst. sagði frá reynslu U.M.F. Skeiðamanna og
að það hafi elfst mjög, eftir að breytt var um
starfsaðferð fjelagsins

Ól Ág. las upp kafla úr brjefi sambandsstjórnar
og hjelt því fram að stjórn U.M.F.Í. gerði sjer rangar
hugmyndir í því brjefi um bindindis málið.

Matarhlje. Samþ tillaga á þs. II.

5. Íþróttamál: Grímur Norðdahl talaði um Íþróttafjelag
Kjósarsýslu og að rjett væri að leggja fjelagið niður.

Bjarni Ólafsson benti á að Í.K. hefði aldrei verið venjulegt fjelagsstarfsemi og sagði frá tilveru þess og uppruna vildi vísa þessu máli til Í.K.
Grímur skírði nánar lög Í.K. og vildi vísa þessu til fjelaganna Aftureldingar og Drengs. þs. III samþ.
mál Samfundirnir: Ólafur Andrésson talaði um samfundina og hvort fulltrúar vildu hafa hann með sama sniði og áður.
Hans Guðnason sagði frá síðasta samfundi og að hann hefði verið illa sóttur af öðrum fjelögum í sambandinu. Óskaði eftir að halda samfund á Brúarlandi
Tillaga frá Stefáni Jónssyni að halda samfund á Brúarl. nú í vetur, samþ. með öllum atkvæðum þingskjal III
mál. Farfuglafundirnir: Framsögum. Ól. þ. skýrði hann frá því að fundirnir hefðu verið illa sóttir í haust og taldi hætta á að svo myndi verða í vetur vegna hins breytta ástands, en taldi þó rjett að halda þeirri venju að láta fundarmenn sýna



fjelagsskírteini við innganginn, þá mætti það hann og til að U.M.S.K. tæki þátt í fjárhagslegum halla af fundunum bæri sig ekki. Stefán Jónsson áleit rjett að vera ekki of kröfuharður um það að krefjast skriflegra sannana fyrir því að menn væru fjelagsbundnir ungmennafjelagar, vegna þess að í raun og veru hafi það verið vegna húsnæðisvandræða að farið var að takmarka aðganginn.
Grímur taldi það alvarlegast í þessu máli að ungmennafjelögin hafa orðið að draga úr farfuglafundunum vegna húsnæðisvandræða, og að framtíðar mið fjelaganna yrði að vera það að öðlast aðgang að góðu húsnæði í Reykjavík. Tillaga á þs. IV samþ. með ö atk
8. Önnur mál. Ól. þ. talaði um að U.M.S.K. þyrfti að afla sjer tekna á einhvern hátt. St. J. stakk upp á því að hafa böggla uppboð á samfundinum
Gísli Andrésson talaði um að í framtíðinni ætti U.M.S.K. að halda hin árlegu íþróttamót Aftureldingar og Drengs. Snorri Tryggvason lagði til að sýslu-glíman yrði færð fram á sumar og þá gæti U.M.S.K.

ifrit til samkomu um leið. Borin upp tillaga um að fela Sími st. og Ólafi pórst. að athuga hvort hægt væri að fá Iðnó til þess að halda þar sýsluglímuna
tillaga á þs. V samþ.

Hernámið: Grímur Norðdahl mintist á nokkur atriði sem íslendingar þyrftu að athuga í umgengni sinni við hinn erlenda her, og las upp smá kafla úr grein Árna Pálssonar í Tímaritinu „Jörð" og úr grein Trímanns Helgasonar í íþróttasíðu Þjóðviljans. Ól. Ág. taldi ekki til neins að gera neinar ályktanir og að greinar eins og grein Aðalsteins Sigmundssonar í síðasta tölublaði Skinfaxa væru ekki til neins gagns. Stefán Jónsson kom með nokkur rök fyrir því að það væri ekki ofmælt, sem segir í grein Aðalsteins að herinn hafi gert skálana að vændisgjafahúsum
um þetta var nokkuð rætt tillaga á þs. VI borin upp og samþ.

Stjórnar kosning: Formaður var kosinn Ólafur Þorsteinsson með 9 atk.
Ritari var kosinn Ólafur Þórðarson með 5 atk
Gjaldkeri Ólafur Andrésson með 6 atk
Varastjórn: Formaður Stefán Jónsson með 4 atk.



ritari. Ólafur Pétursson með 3 atk
Gjaldkeri. Sestur Andrésson með 4 atk.

10. Kosnir endurskoðendur voru kjörnir Bjarni Ólafsson og Hans Guðnason með öllum atkvæðum.

11. Þingslit: Ólafur Þorsteinsson sleit þinginu með nokkrum orðum og óskaði sambandinu allra heilla í framtíðinni, og mintist sérstaklega íþróttamannanna, sem hafa getið sér góð orðstír á Haukadalsmótinu og á drengjamóti Ármanns

Fundargerðin lesin upp og samþ. með öllum atk.

Fundi slitið

Grímur S. Norðdahl
– ritari –

## Þingskjöl.

### Dagskrá U.M.S.K. 24. nóv. 1940

1. Þingið sett: Ólafur Þorsteinsson
2. Kosin kjörbrjefanefnd og fjárhagsnefnd.
3. Skýrsla stjórnarinnar og reikningar.
4. Frá sambandsþingi: Grímur Norðdahl
5. Íþróttamál: Grímur Norðdahl
6. Samfundurinn: Ólafur Andrésson
7. Farfuglafundir: Ólafur Þorsteinsson
8. Önnur mál: Fjelagsöflun U.M.S.K. Hermannið
9. Stjórnar-kosning
10. Kosnir endurskoðendur
11. Þingslit Ólafur Þorsteinsson



### Þingskjal II

Hjeraðsþing U.M.S.K. 1940 telur stefnuskrá U.M.F.Í. hvað snertir bindindisskyldu ungm. fjelaga mjög vel orðaða, engu síður en önnur stefnuskrár mál. ~~Vantar þingið þess~~, Væntir þingið þess að ~~þingið~~ sambandsfjelögin svari brjefi stjórnar U.M.F.Í. dagsett 1. okt. 1940 samkvæmt því.

### Þingskjal III

Hjeraðsþing U.M.S.K. 1940 óskar þess fjelögin Afturelding og Drengur ræði á fundum sínum hvort ekki sje rjett að nota heimild Í.S.Í. til þess að U.M.S.K. sendi keppendur á allsherjarmóti Í.S.Í. og að leggja Í.K. niður og U.M.S.K. taki að sjer störf þess og eignir.

### Þingskjal IV

Hjeraðsþing U.M.S.K. 1940 felur U.M.F. Velvakandi að sjá um farfuglafundina á komandi vetri, og veitir fjelaginu alt að 50.00 kr. styrk í því skini ef þörf krefur

Þingskjal V

Hjeraðsþing U.M.S.K. skorar á stjórn U.M.S.K. að finna leið til smávegis fjáröflunar til eflingar starfsemi sambandsins án þess þó að það sje gert á kostnað sambands fjelaganna

Þingskjal VI

Vegna þess ástands sem nú ríkir í landinu vill Hjeraðsþing U.M.S.K. 1940 skora fastlega á öll ungmennafjelög landsins að standa nú betur en nokkru sinni fyr vörð um íslenska tungu íslenskt þjóðerni og íslenska menningu



Fundargjörð

Hjeraðsþing U.M.S.K. var haldið í Oddfellow-höllinni í Reykjavík sunnudaginn 14. des. 1941. Þetta var tekið fyrir:

1. Formaður setti þingið og bauð velkomið nýtt fjelag, sem gengið hafði í sambandið á árinu, Ungmennafjelag Kjalnesinga, fjelagatal 47, formaður Eggert Guðjónsson.
2. Þá var kosinn forseti þingsins Ólafur Þorsteinsson, til vara Ólafur Andrjesson. Ritarar til vara voru kosin Ragnheiður Þorsteinsdóttir og Gísli Andrjesson. Þá var kosin kjörbrjefanefnd:

   Stefán Jónsson
   Njáll Guðmundsson
   Eggert Guðjónsson

   Kosinn varaendurskoðandi í stað Bjarna Ólafssonar: Gísli Andrjesson
3. Þá skilaði kjörbrjefanefnd áliti og taldi hún kjörbrjef vera í lagi og